



Félagakerfi ÍSS

Grunnupplýsingar um Félagakerfi ÍSS

Þetta skjal hefur að geyma inngang að, og allar helstu grunnupplýsingar um, Félagakerfi ÍSS.

Inngangur

Félagakerfi ÍSS er byggt sérstaklega fyrir Félagalínu ÍSS. Grunnhugmyndin að kerfinu er byggð á International Judging System (IJS) en er aðlöguð að þörfum yngri og styttra koma skautara. Markmið þessa kerfis er að bjóða upp á gegnsæja dómgæslu og jákvæða endurgjöf til skautara í kerfi sem er bæði auðvelt og ódýrt í notkun.

Stigakerfi

Stigakerfi félagakerfis byggist á tæknieinkunn og efnisþáttaeinkunn.

Tæknieinkunn er byggð á framkvæmd skráðra elementa (þ.e.a.s. stökk, píruettur og samsetningar sem eru skráðar í stigatöflu Félagakerfis). Fyrir hvert skráð element fær skautari grunnstig (e. base value), sem eru skráð í stigatöflu Félagakerfis. Ofan á þessi grunnstig bætast svo stig fyrir gæði. Gæði eru dæmd í stjörnum. Stjörnurnar eru á skalanum 0-5. Stig fyrir element með mismunandi fjölda stjarna má finna í stigatöflu Félagakerfis. Þessar stjörnur veita skauturum jákvæða endurgjöf, enda geta þeir safnað stjörnum á elementin sín milli móta.

Efnisþáttaeinkunn er svo byggð á mati programs í heild. Hver skautari er metinn í tveimur eða þremur efnisþáttum sem koma fram í keppnisreglum. Hver efnisþáttur er metinn á skalanum 0.25-10.0 og skiptist þessi skali upp í bil sem hafa nöfnin *perla*, *kristall*, *brons*, *silfur*, *gull* og *demantur* þar sem kristall er hærra en perla o.s.frv. (sjá töflu fyrir neðan). Hver einkunn á þessum skala ætti að hafa sömu merkingu milli móta til að gefa skauturum og þjálfurum færi á að fylgjast með framförum. Stig fyrir alla dæmda efnisþætti eru svo lögð saman og margfölduð með margföldunarstuðli til að fá loka efnisþáttaeinkunn.

Flokkur	Skali
Demantur	10.00
Gull	8.00-9.75
Silfur	6.00-7.75
Brons	4.00-5.75
Kristall	2.00-3.75
Perla	0.25-1.75

Tæknieinkunn og efnisþáttaeinkunn eru svo lagðar saman til að fá lokaeinkunn skautara. Í kerfinu er hægt að bæta við frádrætti, sem eru dregnir frá lokaeinkunn skautara. Þeir frádrættir sem teknir eru til greina koma fram í keppnisreglum.



Endurgjöf

Tölvukerfi Félagakerfis (TF) býr sjálfkrafa til Stjörnuþjald fyrir hvern skautara samkvæmt einkunnum dómara. Á Stjörnuþjaldinu er að finna nöfn skautara, móts og keppnisflokks, lista yfir framkvæmd element, fjölda stjarna fyrir hvert og eitt og mat á hverjum efnisþætti. Stjörnuþjöldin eru sett upp þannig að þau séu jákvæð og auðskilin.

Yfirlit yfir skammstafanir

Stökk

Skammstöfun	Merking
1V	Valshopp
1S	Einfalt salchow
1T	Einfalt toeloop
1Lo	Einfalt loop
1F	Einfalt flip
1Lz	Einfalt lutz
1A	Einfaldur axel
2S	Tvöfalt salchow
2T	Tvöfalt toeloop
Osfr.	

Pírúettur

Skammstöfun	Merking
USp	Upprétt pírúetta
SSp	Sit spin (sitjandi pírúetta)
CSp	Camel spin (camel pírúetta)
LSp	Layback spin
CoSp	Combination spin (samsett pírúetta)

Viðbætur við pírúettur

Viðbót (fyrir framan skammstöfun)	Merking
F	Flying
C	Change of foot (Skipta um fót)

Samsetningar

Skammstöfun	Merking
StSq	Sporasamsetning (setp sequence)
ChSq	Kóreósamsetning (choreographic sequence)

Önnur tákn tengd stigagjöf

Tákn	Merking
*	Element ekki samkvæmt reglum flokks (engin stig fást fyrir element)
+REP	Element brýtur í bága við reglur um endurtekningu á stökkum (stökk element fær 70% af upprunalegu vægi)